

Lýst er yfir áhyggjum af þeirri þróun mála í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem kemur fram í fyrirætlunum ríkisins að grípa inn í gildandi lög í landinu og breyta fjárhagslegum forsendum fyrir rekstri sveitarfélaga með því að frysta framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2019, 2020 og 2021. Samstarf ríkis og sveitarfélaga verður að byggjast á fullu trausti milli aðila enda er hér um að ræða stjórnslustigin tvö í landinu. Einhliða og fyrirvaralaus yfirlýsing fjármálaráðuneytisins um að breyta fjárhagslegum forsendum jöfnunarkerfisins í landinu á fyrrgreindan hátt er óásættanleg. Á það ber að líta að þessi skerðing kemur harðast niður á þeim sveitarfélögum sem þurfa mest á útgjaldajöfnunarframlögum að halda eða fámennum, dreifbýlum og oft landstórum sameinuðum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Fyrirhugðuð skerðing framlaga jöfnunarsjóðsins, sem nemur samtals um á 3,3 ma. kr., kemur því harðast niður á þeim sem síst skyldi. Mjög tekjuhá sveitarfélög eða fjölmennustu sveitarfélög landsins, sem fá eðli máls samkvæmt lítil sem engin útgjaldajöfnunarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, munu ekki verða vör við fyrrgreinda skerðingu. Hún mun því sem næst alfarið lenda á þeim sveitarfélögum þar sem býr um 1/3 hluti íbúa landsins. Það eru því íbúar þessara sveitarfélaga sem munu að óbreyttu bera þær byrðar sem ríkisvaldið áformar að leggja á sveitarfélagastigið í landinu í tengslum við fyrirhugaða fjármálaáætlun. Það er algerlega óásættanleg niðurstaða að mati undirritaðs.

Að öðru leyti er tekið undir langa og ítarlega umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun 2020 –2024 frá 3. maí sl. Í því sambandi má benda sérstaklega á að í umsögninni kemur fram að fyrirkomulag nýlegra kjarasamninga, sem byggjast á krónutöluhækkunum á laun, mun hafa í för með sér mun meiri kostnað fyrir sveitarfélögin en ríkið eða sem nemur í heild sinni um 4.0 ma. kr. á samningstímanum í heild sinni. Ýmsar aðgerðir aðrar tengdar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna fyrrgreindra kjarasamninga munu leiða til kostnaðarauka eða tekjulækkunar fyrir sveitarfélögin. Samtals munu fjárhagsleg áhrif yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar nema um 12 ma. kr. lakari afkomu fyrir sveitarfélögin í landinu til viðbótar við 4 ma. kr. kostnaðarauka sem leiðir beint af niðurstöðu og formi kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þessu til viðbótar fyrirhugar ríkisstjórnin að lækka framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þeirra sveitarfélaga sem mest þurfa á slíkum framlögum að halda um rúma 3 ma. kr.

Undirritaður tekur að öðru leyti undir mótmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnvart áformum ríkisstjórnarinnar um að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og krefst þess að Alþingi dragi til baka öll áform um frýstingu framlaga til hans.



Bestu kveðjur / Best regards

Gunnlaugur A. Júlíusson
sveitarstjóri Borgarbyggðar

☎ +354 433-7100

gunnlaugur@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is

www.facebook.com/borgarbyggd